



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 167

**Jón Skagan, prestur**

(1897-1989)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík  
[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is) / [borgarskjalasafn@reykjavik.is](mailto:borgarskjalasafn@reykjavik.is)

*Einkaskjalasafn nr. 167*

## **Jón Skagan, prestur**

(1897-1989)

Séra Jón Skagan er fæddur á Þangskála á Skaga, Skefilstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu, 3. ágúst 1897. Foreldrar hans voru María Jóhanna Sveinsdóttir, húsfreyja, og Vilhjálmur Aðalpétur Jón Sveinsson, bóndi s.st. Jón lauk stúdentsprófi 1919 og guðfræðiprófi 1924. Hann var prestur í Landeyjaþingum, Rangárvallasýslu 1934-1945, með búsetu á Bergþórshvoli, og þjónaði einnig nágrannasóknum í Fljótshlíð og undir Eyjaföllum um tíu ára skeið. Hann hætti prestskap vegna vanheilsu í fjölskyldunni 1945. Jón vann á skrifstofu ríkisféhirðis í Reykjavík 1944-1949 og var fulltrúi í ríkisbókhaldi 1949-1957. Hann var æviskrárritari í Þjóðskjalasafni 1957-1967. Jón hlaut verðlaun úr hetjusjóði Carnegies í maí 1928, fyrir frækilegt björgunarafrek. Hann starfaði mikið að félagsmálum um dagana, var t.d. formaður skólanefndar V.-Landeyja í 20 ár, í hreppsnefnd og í stjórn ýmissa félagasamtaka um árabíl. Séra Jón flutti fjölda erinda í útvarp. Jón lagði mikla stund á fræðimennsku og ritstörf, og liggja eftir hann ýmis prentuð rit, fjöldi greina og nokkur ljóð. Eftirtaldar bækur hefur hann m.a. ritað: Afmælisbók, 1947, Sú eik er lengst og styrkust stóð, útg.1960, Ævisaga Sigurðar Magnússonar á Skúmstöðum, án árs, Axlarskipti á tunglinu, útg. 1971, Hvað á barnið að heita?, 1972, Saga Hlíðarenda í Fljótshlíð, útg. 1973 og Stingandi strá, 1981.

Séra Jón kvæntist 28. júní 1924 Sigríði Jennýju Gunnarsdóttur, fædd 21. janúar 1900, bónda á Selnesi á Skaga Eggertssonar og Ástríðar Jónsdóttur ljósmóður. Þau eignuðust tvær dætur, Maríu rithöfund, fædd 27. janúar 1926 og Ástríði, fædd 14. mars 1933. Hjónin bjuggu síðast að Sólheimum 23 í Reykjavík.

Sigríður Kristín Lister afhenti skjöl kjörforeldra sinna 27. febrúar 2003.

## Skjalaskrá

### Askja 1

Bréf frá Ragnari Ófeigssyni, 1955; bréf frá Sveinbirni Högnasyni, 1941.

Bréf til séra Jóns Skagan, frá Bjartmar Kristjánssyni, og Snæbirni Jónssyni 1976, 1981, 1982, 1984; bréf, óársett, vantar fremsta blað;

Umsögn Ludv. R. Kemp um kennslutilhögun Jóni Jónssyni til handa, 1914.

Gagnfræðaprófsskírteini, 1916.

Háskólaborgaraskírteini Jóns Skagan, undirritað af háskólarektor Guðmundi Finnbogasyni.

Prófsskírteini Jóns Skagan úr guðfræðideild Háskóla Íslands, 1924.

Skírteini um kunnáttu í hellenskri tungu, 1922, tvö.

Leyfisbréf til hjónavígslu til handa Jóni Skagan og Sigríði Jenný Gunnarsdóttur, 1924.

Vígslubríf fyrir prestinn síra Jón Jónsson Skagan settan prest í Landeyjapingum, 1924, ásamt bréfi frá Jóni Helgasti, biskupnum yfir Íslandi, 1925, í umslagi.

Veitingarbréf kirkjumálaráðherra Jóni Skagan handa fyrir Viðvíkurprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi, 1937, ásamt bréfi frá Jóni Helgasyni biskupinum yfir Íslandi, 1938.

Skipunarbréf biskupsins yfir Íslandi til handa Jóni Skagan, sem settum sóknarpresti í Landeyjapingaprestakalli, 1924.

Veitingarbréf fyrir Landeyjapingum í Rangárvallaprófastsdæmi handa síra Jóni

J. Skagan, settum sóknarpresti sama staðar, 1925, í umslagi.

Rangárvallaprófastsdæmi, um verðlagsuppbót.

Útskrift úr héraðsfundabók Rangárvallaprófastsdæmis 1941.

Skrásettar og friðaðar fornmenjar í landi jarðarinnar Bergþórshvols, 1927.

Bréf frá Þjóðminjaverði, Matthíasi Þórðarsyni „um rannsóknir á bæjarstæðinu gamla með tilliti til leifanna eftir Njáls-Brennu,” 1927.

Auglýsing kirkjumálaráðuneytisins á reglum um viðhald íbúðarhúsa á prestsetrum og um eftirlit með þeim, 1933.

Útihús á Bergþórshvoli, teikning.

Upplýsingar fyrir ritið Íslenskir samtíðamenn.

Jón Skagan. Heiðursfélagi Framsóknarfélags Reykjavíkur, 1983.

Áritun til Mallorca, 1973.

Líkræða, upplýsingar um Skúla Thorarensen, lögfræðing, f. 12. janúar 1932, d. 2. ágúst 1969, í umslagi merktu séra Jóni Skagan, æviskráritara, ásamt pistli um „Fegurstu staðina.” eftir Skúla Guðmundsson á Keldum.

Leyfisbréf til upptöku nafnsins Einar til handa Nikulási Þórðarsyni, f. 3. nóvember 1897, útg. 1926 ásamt bréfi til sóknarprestsins séra Jóns Skagan.

Kvittun frá Þjóðskjalasafni þess efnis að Jón Skagan hafi afhent Þjóðskjalasafni prestverkabók sína 1945-1971 og skráð prestverk 1972-1974, 1980.

Bréf frá Jóni Skagan til Velvakanda, ódagsett.

Ferðalýsing: Ferð á Norðurland 19. júlí 1958.

Frásögn Guðjóns Jónssonar af sjóhrakningum föður síns, 1944.

Bréf frá Sigurjóni Guðmundssyni, 1945, ásamt umfjöllun um ósa og eyðibýli í Landeyjum, í umslagi merktu séra Jóni Skagan, Bergþórshvoli.

Bæn, undir stendur S.V. frá Brúnum undir Eyjafjöllum; árnaðaróskir, heillabréf, Þökk fyrir auðsýnda vináttu á sextugsafmæli, frá Ingimar Jónssyni. 1967, 1972.

Ljóð, þakkarkveðja frá Páli Kolka.

Ljóð, Sólin, skráð að sögn Signýjar Jónsdóttur, frá Neðri-Hundadal, tvö eintök.

Ljóð og vísur.

Ættfræði um Jón Ólafsson frá Stórumörk.

Um sólarhringinn.

Ljósmyndir af stúdentsárgöngum.

Studentakaffi 50 ára og eldri. Haldið á Grund, 1972, 1973, 1975, 1976, 1977, 1978, 1980, 1982, 1984 með ljósmyndum.

Ljósmyndir, visit-kort af nafngreindu fólki, merktar aftan á; ljósmyndapóstkort:

Úrklippur úr dagblöðum: Afmæliskeðjur til sr. Jóns Skagan.

Úrklippur úr dagblöðum: bókaumsagnir (bækur séra Jóns Skagan).

Úrklippur úr dagblöðum: Minningargreinar um Jónínu Björnsdóttur, f. 25. júlí 1897, d. 9. des. 1977 og Guðríði Jónsdóttur, f. 17. sept. 1902, d. 3. maí 1981.

Úrklippa úr dagblaði með mynd: „Verkamenn verjið húsið!“ – Orusta í Suðurgötu.

Úrklippa úr dagblaði: Þau bjuggu þar síðast. Helga Egilson og Rögnvaldur Sigurjónsson.

Sæfinnur með sextán skó, Jón frá Borgarnesi spilar á langspil, bóndabær; þrír ungir menn, kista ásamt syrgjendum.

Póstkort, óárituð.

Umslag: Til mömmu og pabba; Umslag til sóknarprestisins í Landeyjapingum Bergþórshvoli Rangárvallasýslu, frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Píslarþankar hljóðandi um þá ena fyrri og síðari herleiðingu ens eðla dánumanns Ólafs Friðrikssonar.

Diktaðir af Jónatan Pálssyni, 1922.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir

*Viðbót við safnið afhenti Sigríður K. Lister í september 2009.*

## **Askja 2**

Handskrifuð bók sem inniheldur bókstafsreikning eftir Þorkel Þorkelsson. Handskrifuð af Jóni Jónssyni III bekk Gagnfæðaskólans Akureyri veturinn 1915-1916. Í seinni hluti bókar er skrifað um jarðsögu og sköpunarsögu jarðar.

Bókfært bústofn haustið 1925-1929.

Mjólkursala 1937-1942.

Heyhirðing á Bergþórshvoli 1942-1935.

Messur og messugjörðir í Landeyjum 1924-1938.

Selíkó, svertingjasaga með myndum útgefin á Akureyri 1926.

Daglæti. Sögur og æfintýri útgefin í Reykjavík 1923.

Ásta litla lipurtá. Útgefandi barnablaðið Æskan 1940.

Námsbækur fyrir barnaskóla, lestrarbók 4. flokkur 2. hefti og íslensk málfræði.

Bæklingur, hátíðarhöld og framkvæmdir tengdar þeim, 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 874-1974.

## **Örk 1**

Samúðarkort vegna andláts Jóns Skagan 1989.

## **Örk 2**

Norðurferðin 9. júní 1967, ferð sem farin var til að vera við opnun Byggðasafnsins að Reykjum í Hrútafirði. Vísur sem voru ortar í þeirri ferð.

## **Örk 3**

Bíóprógröm og leikhússkrár 1952-1976.

Dagatal 1978.

#### **Örk 4**

Fæðingarvottorð hjónanna Jóns Jónssonar fæddur 3. ágúst 1897 og Sigríðar Jenný Olsen Gunnarsdóttur fædd 19. maí 1900.

Vegabréf Maríu Skagan útgefið 02.05.1957.

Sjúkrasamlagsskírteini frá 1979 og 1985, einnig skírteini frá blóðbankanum 1972 og nafnskírteini merkt Sigríði Jenný Skagan.

Bréf frá Jóni Lárussyni dagsett 12. nóvember 1955.

Frásögn Sigríðar Jennýjar Skagan sem skráð var í febrúar 1980. Rifjar Sigríður Jenný þar upp atvik frá árinu 1925 er hún var ung prestsfrú að Bergþórshvoli.

Bréf til Kvenfélags Sauðárkróks dagsett 14. nóvember, 1976 frá þeim systurum Sigríði Jenný Skagan og Áslaugu F. Sívertssen frá Selnesi fæddar Gunnarsdætur.

Ættarskrár.

Svarbréf frá Kvenfélagi Sauðárkróks dagsett 20. janúar 1977, undirritað af Ásu Helgadóttur formanni kvenfélagsins.

Molar af meistaraborðum, kvæði og vísur.

Skýringar við íslenska lestrabók, útgefin 1943.

Einkunnabók handa Ástríði Skagan nemenda í Kvennaskólanum í Reykjavík skólaárið 1947.

Bók merkt Maríu Skagan, þulur og kvæðabrot.

Mynd af konu á hestbaki.

Félagsskírteini í Karli I, Rótarýklúbbi og Byggingarsamvinnufélagi prentara.

Kvittun fyrir áskrift af barnablaðinu Æskunni árið 1940.

Bólusetningarvottorð fyrir Ástríði Skagan 1944.

Jubilæum 24/6 1944, sálin hans Jóns míns.

Bók með málsháttum og vel hugsuðum texta.

Vísur í umslagi.

Já og nei spurningar.

#### **Askja 3**

Myndaalbúm með póstkortum.

Lítið albúm með myndum frá Kaupmannahöfn.

#### **Örk 1**

Brúðkaupsskeyti til Sigríðar Jennýjar og Jóns Skagan 28. júní 1924.

#### **Örk 2**

Heillaskeyti og jólakort til Sigríðar Jennýjar Skagan árið 1990.

#### **Örk 3**

Heillaskeyti til Sigríðar Jennýjar Skagan 1919-1980.

#### **Askja 4**

##### **Örk 1**

Veðskuldabréf og fleira vegna kaupa á íbúð í Sólheimim 54.

##### **Örk 2**

Minningagreinar og blaðaúrklippur 1938-1975.

##### **Örk 3**

Ástríður Skagan (Addý) Jóla, afmælis og heillakort 1933-1969.

##### **Örk 4**

Ástríður Skagan (Addý) jóla, afmælis og heillakort 1933-1969.

##### **Örk 5**

Bréf til Maríu Skagan frá Addý systur árin 1942-1944. Einnig frá afa 1945 og Helgu Tyrfingsdóttur.

##### **Örk 6**

María Skagan fermingakort 2. júní 1940.

## Askja 5

Leiðarvísir um störf og verksvið sóknarnefnda. Gefin út að tilhlutan Stjórnarráðsins 1908.

Ellefu stílabækur þykkar og þunnar með ljóðum og skrifum V. A. Jóns Sveinssonar.

Fimm jóla og póstkort.

Sagan af Vilhjálmi sjóð 1911.

Íslendingar eiga Grænland eftir Jón Dúason 1948.

### Örk 1

Heillaskeyti til V. A. Jóns Sveinssonar.

### Örk 2

Kvæðasyrpur og ljóð V. A. Jón Sveinsson.

### Örk 3

Kvæði og vísur eftir V. A. Jón Sveinsson.

### Örk 4

Bréf til V. A. Jóns Sveinssonar: frá Önnu dóttir hans 1933, frá Súsönnu systur hans dagsett september 1940 og tvær myndir, frá Helga Konráðssyni Sauðárkróki 1940, frá Maju 1953, frá Guðbjörgu Kristinsdóttur 1933, frá Bjarna Bjarnasyni 1935, frá Indriða syni sínum 1936 og Jónatan syni sínum 1935, frá Sig. Á Bjarnasyni 1938, Sigurði Árnasyni 1936.

### Örk 5

Kvæði, vísur og hugleiðingar V.A. Jóns Sveinssonar.

## Askja 6

### Örk 1

Heillaskeyti til Jóns Skagan á 70 ára afmælinu 1967 og lítil kort 1960-1970.

### Örk 2

Heillaskeyti og kort til Jóns Skagan 1957-1967.

### Örk 3

Minningagreinar úr blöðum um Jón, Jenný og Ástríði Skagan. Áslaugu systir Jennýjar og fleiri.

### Örk 4

Húskveðja, ræða, grafskrift og minningagrein um Gunnar Eggertsson f.1870. d. 1942 föður Jennýjar Skagan.

### Örk 5

Minningarljóð um Ástríði Jónsdóttur ljósmóður móður Jennýjar. Einnig kveðjuorð, samsætisljóð og vinakveðja og fleiri ljóð.

### Örk 6

Heillaskeyti til Ástríðar Jónsdóttur þegar hún varð áttæð 1942.

### Örk 7

Bréf dagsett 12.nóvember 1974 og teiknuð mynd af Prestvík frá Kalla Smith.

### Örk 8

Blaðgreinar úrklippur, blaðgreinar sem María Skagan hafði skrifað í baráttu sinni fyrir sundlaug Sjálfsbjargar í Hátúni 12, o.fl.

### Örk 9

Blaðaúrklippur og vísur úr ýmsum áttum.

### Örk 10

Dúkkulísur, boðs- og þakkarkort vegna brúðkaups Jane og Brian í október 1980.

Dagskrá úr fermingarveislu, Ósk Sólveig Scheving Thorsteinsson.

**Askja 7**

**Örk 1**

Páska- og afmæliskort til Jóns og Jennýjar flest frá dóttur þeirra Ástríði (Addý) frá árunum 1946-1971.

**Örk 2**

Póst, jóla og heillaóskakort til Maríu Skagan árin 1927-1943.

**Örk 3**

Árituð póstkort frá árunum 1927-1975.

**Örk 4**

Óárituð póstkort.

**Örk 5**

Afmæliskveðjur og kort aðalega til Jennýjar Skagan árin 1942-1978.

**Askja 8**

Aðalega jólakort til Maríu Skagan 1946-1970.

**Askja 9**

Aðalega jólakort til Jóns og Jennýjar 1948-1985.

**Askja 10**

Tvær hópmyndir.

*Skráð í október 2009, Bergþóra Annasdóttir*